

**Sp.**

**443. Lög**

um breyting á lögum nr. 46, 15. júní 1926, um útsvör.

(Afgreidd frá Sp. 22. ágúst).

**1. gr.**

Á eftir 2. málsg. 27. gr. laganna komi:

Þó má hreppsnefnd, með samþykki sýslunefndar, og bæjarstjórn, með samþykki atvinnumálaráðherra, ákveða aðra gjalddaga á útsvörum.

**2. gr.**

30. gr. laganna verði svo hljóðandi:

Ef útsvar er ekki greitt áður en 2 mánuðir eru liðnir frá gjalddaga, skal greiða hreppssjóði eða bæjarsjóði dráttarvöxtu af því, sem ógreitt er, 1% fyrir tvo fyrstu mánuðina og 1% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem liður þar fram yfir frá gjalddaga, unz gjaldið er greitt.

**3. gr.**

Lög þessi koma til framkvæmdar jafnskjótt sem þau hafa öðlzt staðfestingu konungs.